



Reykjavík 15. október 2022

Umboðsmaður barna,

Efni: Breytingar á gjaldskrá Strætó.

Í svarbréfi Strætó til Umboðsmanns barna dagsettu 8. janúar s.l. komu fram þær ástæður og rök fyrir breytingu á uppbyggingu gjaldskrár Strætó. Umboðsmaður barna sendi annað bréf dagsett 22. janúar 2022 og taldi ekki nægjanleg rök í fyrra svarbréfi. Því miður fórst að svara því erindi og er beðist velvirðingar á því, en hér hnykkt á því hver aðdragandinn og ástæða þess að farið var í þessa vegferð.

Stjórn Strætó vann að því árið 2019 og 2020 að einfalda og samræma gjaldskrá félagsins. Mikið ósamræmi var í afsláttaflokkum og gjaldskrá orðin flókin og ógagnsæ. Ábendingar höfðu komið fram um það, sem og að bjóða þyrfti upp á meiri sveigjanleika, t.d. að möguleiki væri að kaupa mánaðarkort í öllum vöruflokkum. Í gjaldskrárvinnunni var horft til gjaldskráruppbyggingar almenningsamgangna í höfuðborgum Norðurlanda. Í þeim gjaldskrár má finna fullt fargjald og afsláttarfargjald, sem er í kringum 50% af verði fulls fargjalds en þó með undantekningum. Í kjölfarið var niðurstaða stjórnar Strætó sú að fækka afsláttaflokkum í gjaldskrá Strætó, en við þá vinnu var horft til þess að samgöngukostnaður heimila yrði sambærilegur eða lægri en í fyrri gjaldskrá (sjá dæmi hér að neðan). Sem liður í því var aldursviðmið barna sem fá frítt í almenningsamgöngur hækkað úr 6 árum og yngri í 11 ára og yngri. Sú tilhögun hefur gefist vel og notkun meðal þessara framtíðarnotenda almenningsamgagna jókst töluvert. Í allri vinnunni við endurskoðun gjaldskrárstefnu Strætó var lagt upp með að ný gjaldskrá skilaði ekki auknum tekjum fyrir félagið.

Í höfuðborgum Norðurlanda er aldursviðmið fyrir frítt í vagninn um 6 ára aldur og verð á hefðbundnu mánaðarkorti á bilinu 8.500 kr. til 10.500 kr., sem er enn umtalsvert dýrara en héraendis. Samanburður er oft erfiður milli landa þar sem í sumum borgum er svæðaskipting, tíðni meiri og þjónustutími lengri heldur en hér, þar sem til dæmis er einungis eitt svæði.



Það er óhjákvæmilegt við slíka gjaldskrárbreytingu sem hér um ræðir að upp komi jaðartilvik þar sem finna má dæmi um að kostnaður fjölskyldna vegna almenningssamgangna hækki. Tveir vöruflokkar í gjaldskrá hækkuðu við þessa breytingu, það eru árskort aldraðra og árskort ungmenna. Umrædd árskort hækkuðu um 15.000 kr. á ári eða 1.250 kr. á mánuði. Á móti lækkuðu nemakort fyrir 18 ára og eldri um 14.200 á ári og árskort fullorðna um 3.300 kr. Samhliða því er boðið upp á mánaðakort í öllum gjaldskrárflokkum, en það hafði ekki verið í boði áður í öllum vöruflokkum. Kallað var eftir því að boðið væri upp á mánaðarkort fyrir alla vöruflokka og mun það klárlega nýtast ungmennum vel, því oft er notkun þeirra óregluleg yfir árið.

Strætó er rekið af sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og nema framlög þeirra rúmlega 4.1 milljarði króna á ári. Samkvæmt eigendastefnu Strætó er gert ráð fyrir að fargjaldatekjur standi undir 40% af rekstri félagsins. Það markmið hefur ekki náðst, en fargjaldatekjur hafa staðið undir um það bil 30% af rekstrarkostnaði Strætó og nú rétt rúm 20% af rekstrarkostnaði. Fjárhagsstaða Strætó er jafnframt erfið og nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að rétta hann af. Gjaldskrárhækkun er ein aðgerðin, hagrætt var í vor sem var önnur aðgerð, óskað er eftir auknum framlögum frá eigendum (sveitarfélögum) og rætt hefur verið við ríkið um styrk vegna afleiðinga Covid 19 á fjárhag Strætó.

Þetta eru fyrst og fremst ástæður fyrir því m.a. að gjaldskrá er nú hækkuð um 12,5%, sem er nálægt því það sama og þær kostnaðarverðshækkunir sem hafa lent á Strætó t.d. í gegnum olíu, laun og fleira á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir að með einfaldari, samræmdari, sveigjanlegri og sanngjarnari afsláttarkjörum fjölgi þeim sem nota almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar, samhliða gríðarmikilli uppbyggingu innviða almenningssamgangna.

Reglulega kemur upp umræða um gjaldfrjálsar almenningssamgöngur fyrir alla eða fyrir ákveðna hópa. Slíkt hefur bæði kosti og galla í för með sér, en almennt hefur ekki verið ráðist í það nema með þeirri undantekningu að frítt er fyrir 11 ára og yngri.

Talið er eðlilegt að almenningssamgöngur, sem eru ekki lögbundin skylda sveitarfélaga, sé hluti af kostnaðinum greiddur af þeim sem nota þær. Breytingar eru alltaf erfiðar. Stjórn Strætó er meðvituð um það og mun taka reglulega til skoðunar og umræðu þá möguleika sem uppi eru vegna þeirra hópa sem lenda í jaðartilvikum þar sem breytingar á gjaldskrá Strætó hafa þýtt umtalsverða hækkun. Má þar nefna systkinaafslátt, hækkun aldursviðmiða o.fl..



Dæmi.

Samgöngukostnaður fyrir og eftir gjaldskrárbreytingar  
Fjögurra manna fjölskyldur

4 í fjölskyldu, 2 ungmenni 14 og 18 ára, 1 bíll

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Áskrift	106.400	96.000	- 10.400	
Ungmennakort	25.000	40.000	15.000	
Nemakort 18+	54.500	40.000	- 14.500	
Heildar kostn.	185.900	176.000	- 9.900	Lækkun

4 í fjölskyldu, 1 ungmenni, 1 barn 8 og 12 ára, 1 bíll

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Áskrift	106.400	96.000	- 10.400	
Ungmennakort	25.000	40.000	15.000	
Barnakort	9.100	-	- 9.100	
Heildar kostn.	140.500	136.000	- 4.500	Lækkun

4 í fjölskyldu, 2 ungmenni einu sem ferðast með almenningsamgöngum

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Ungmennakort	25.000	40.000	15.000	
Ungmennakort	25.000	40.000	15.000	
Heildar kostn.	50.000	80.000	30.000	Hækkun

4 í fjölskyldu, 2 börn einu sem ferðast með almenningsamgöngum

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Barnakort	9.100	-	- 9.100	
Barnakort	9.100	-	- 9.100	
Heildar kostn.	18.200	-	- 18.200	Lækkun

4 í fjölskyldu, 1 ungmenni og 1 barn einu sem ferðast með almenningsamgöngum

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Ungmennakort	25.000	40.000	15.000	
Barnakort	9.100	-	- 9.100	
Heildar kostn.	34.100	40.000	5.900	Hækkun

4 í fjölskyldu, 2 menntaskólanemar einu sem ferðast með almenningsamgöngum

Vara	verð f. breytingu	verð e. breytingu	Samtals	
Nemakort 18+	54.500	40.000	- 14.500	
Nemakort 18+	54.500	40.000	- 14.500	
Heildar kostn.	109.000	80.000	- 29.000	Lækkun

Gjaldskrá Strætó tekur mið af þeim samþykktum sem gilda um Strætó og eigendastefnu Strætó um hlutfall farþegatekna í rekstrarkostnaði, eins og fram kom hér að framan.

Þróun á verði almenns fargjalds fyrir fullorðna og fyrir ungmenni er þannig að stakt fargjald fullorðinna og ungmenna hefur hækkað um 130 kr. á fullorðna og 65 kr. á börn frá 2016. Mánaðarkort var ekki í boði fyrir ungmenni hér áður og árskort fyrir fullorðna var fyrst í boði 2018, en ef miðað er við árskort þá hefur árskort fullorðinna hækkað um 18.000 kr. frá 2018 og hækkun á árskort ungmenna um 25.100 kr. frá árinu 2016, miðað við gjaldskrá sem tekur gildi 1.10. 2022. Það þarf að hafa í huga að stór hluti þeirra sem keyptu árskort fullorðinni fengu það á afslætti fyrir breytingu á



gjaldskráruppbyggingu, sá vöruflokkur er ekki lengur í boði og er því flestir í þessum hópi að hækka um 21.300 kr. á ári.

Í aðdragandi kosninga kom fram hjá þeim flokkum sem mynda meirihluti í Reykjavík, einu af aðildasveitarfélögum Strætó að stefna skuli að gjaldfrjálsum aðgengi að almenningssamgöngum fyrir ungmenni, en í ljósi fjárhagsstöðu Strætó og sveitarfélaganna er ekki svigrúm að svo komnu máli í rekstri Strætó að hægt sé að fella niður um 18% af tekjum félagsins.

Virðingarfyllt f.h. Strætó

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó